



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

8. árgangur 5. tbl.

Mái 2011

Gjafir til sveitarfélagsins!

Þann 03.mái s.l. komu þau Áslaug Þorleifsdóttir og Benedikt G. Sigurðsson og hittu hreppsnefndina á fundi sínum í Árnosi. Þau afhentu sveitarstjórn tvær vatnslitamyndir, listilega, málaðar af listakonunni Sigurlín Grímsdóttur á Votumýri hér í sveit. Myndirnar eru af gamla leitarmanakofanum í Hólaskógi. Samantekt í riti, fylgdi, um endurgerð kofans en Benedikt hafði forgöngu um endurreisn hans á sínum tíma og fékk til liðs við sig fyrrverandi hreppsnefndarmenn og lauk verkinu 4. september 1996 með hátíðlegri viðhöfn.

Sagðist Benedikt hvorki fyrr né síðar hafa haft menn á biðlista við að vinna sjálfböðavinnu, en ekki skorti vinnufúsar hendur fyrrum hreppsnefndarmanna við verkið og vildu þau hjón að sveitarstjórn varðveitti myndirnar til minningar um þessa vinnu og sögu fjallmanna fyrri tíma með því að finna þeim verðugan stað þar sem fólk gæti notið þeirra. Var þeim hjónum þakkað af oddvita og nú verður hugað að því að koma myndunum fyrir á stað við hæfi. Sigurlín málaði myndirnar árin 1996 og '97 og heita þær þeim skemmtilegu nöfnum "Í Hólaskógi fyrir viðreisn 1996" og "Eftir viðreisn 1997." Benedikt starfaði í hreppsnefnd Gnúpverjahrepps á árunum 1982-1994 og bjuggu þau hjón við Búrfellsvirkjun frá 1969-1999. Myndin er tekin þegar sveitarstjórn veitti myndunum viðtöku. Áslaug og Benedikt eru fyrir miðri mynd.



Varðliðar umhverfisins!

Umhverfisnefnd Þjórsárskóla fékk verðlaun sem **varðliðar umhverfisins 2011.**

Varðliðar umhverfisins er verkefnasamkeppni umhverfisráðuneytisins, Landverndar og Náttúruskóla Reykjavíkur um umhverfismál. Keppninni er ætlað að hvetja ungt fólk til góðra verka í umhverfisvernd, vekja athygli á sýn ungs fólks á umhverfismálum og kalla eftir leiðsögn yngri kynslóðanna um umhverfismál. Umhverfisnefnd fékk verðlaunin fyrir bækling um flokkun sorps í sveitarfélaginu sem nú hefur verið dreift á hvert heimili. Hópurinn ásamt verkefnastjóra tóku á móti viðurkenningu í þjóðmenningar- húsinu við hátíðlega athöfn 28. apríl s.l. Við erum stolt og ánægð með framlag nemenda okkar í umhverfismálum. Í tilefni þessarar viðurkenningar kom



Umhverfisnefnd Þjórsárskóla 2010 f.v. Ágúst Guðnason, Dána Ösp Davíðsdóttir, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Stefánía Einarsdóttir og Bolette Höegh verkefnisstjóri. Fyrir aftan eru Orri Páll Jóhannesson frá Landvernd og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra. T.v er svo Sigurður Arnar Leifsson að planta rífsberjarunna við skólann.



foreldrafélag skólans færandi hendi með 10 rífsberjaplöntur. Þær voru settar niður á lóð skólans en okkur hefur lengi langað að planta berjarunnum við skólann og er það sérstaklega ánægjulegt að það hefur nú verið gert. Það voru nemendur úr 4., 5. og 6. bekk

sem hjálpuðu við að setja plönturnar niður.

Samningur milli Þjórsárskóla og Landbótafélags Gnúpverja

Þann 4. maí síðast liðinn var undirritaður samningur milli Landbótafélags Gnúpverja og Þjórsárskóla um landbótarverkefni á vegum Þjórsárskóla. Það var Bjarni Músson sem skrifaði undir fyrir hönd Landbótafélags Gnúpverja. Samningurinn hljóðar upp á samkomulag um að félagið og skólinn hjálpist að við landbótaverkefni. Landbótafélagið leggur til þá vélavinnu og þær heyrúllur sem þarf vegna landbótaverkefnisins sem Þjórsárskóli og Landgræðsla ríkisins vinna að. Yfirstandandi verkefni skólans og Landverndar er uppgræðsla á Skaftholti. Það er svæði sem hreppurinn úthlutaði skólanum til verkefnisins.

Yrkjuplöntur

Þjórsárskóli fékk úthlutað 167 birkiplöntum úr Yrkjusóði. Til stendur að gróðursetja þær í kringum skólann til að bæta skjól og gróður á skólalóðinni. Áður hafa nemendur gróðursett birki út við girðingu austan til við skólann. Yngri nemendur hafa valið og merkt sér plöntur þar sem þeir fylgjast með varðandi hæðarvöxt.

Síðustu skóladagarnir

Nú er skólaárinu senn að ljúka. Námsmat stendur yfir þessa dagana. Síðustu daga fyrir skólaslit verður haldin sundkeppni eldri nemenda og þá fara allir saman í sund í Brautarholti. Einn daginn verður farið í vorferðir, þ.e. vettvangsferðir út fyrir sveitina. Þá fara yngri og eldri nemendur sitt hvora ferðina. Síðasti dagurinn verður svo nýttur í leiki og grill, en það er líka stuttur dagur hjá nemendum.

Skólaslit verða haldin 26. maí kl. 16:00.

Gleðilegt sumar

Ingibjörg María, skólastjóri.

Þjórsárstofa auglýsir eftir starfskrafti!

Starfskraft vantar frá 1. júní - 1. október 2011

við upplýsingagjöf og umsjón með Þjórsárstofu í Árnesi. Umsækjandi þarf að hafa staðgóða þekkingu á svæðinu, góða tungumálakunnáttu, (ensku og eitt til tvö önnur tungumál, auk íslensku.) Þá er lipurð og góð færni í mannlegum samskiptum nauðsynleg auk tölvukunnáttu.

Nánari upplýsingar veitir oddviti í síma 486-6014 og umsóknir berist á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða á netfangið **skeidgnup@skeidgnup.is**



Vorfundur Kvenfélags Skeiðahrepps

Vorfundur Kvenfélags Skeiðahrepps verður haldinn miðvikudaginn 1. júní n.k., í Bókasafninu Brautarholti, kl. 20:30.

- ◆ Sagt verður frá SSK fundinum og rætt um starfið framundan
- ◆ Þema kvöldsins er „gömlu kjólarnir“ og verður af því tilefni
- ◆ tiskusýning frá versluninni Hosiló á Selfossi
- ◆ Létta veitingar í boði

Við hvetjum ykkur til að mæta í kjólum og ekki væri verra að hafa þá í „gamla stílum“. Vonumst til að sjá ykkur sem flestar og eiga saman huggulega kvöldstund. Munið eftir peningi fyrir árgjöldum!

Stjórn Kvenfélags Skeiðahrepps



Kvennahlaup 2011

„Hreyfing allt Lífið“

Hið árlega Kvennahlaup ÍSÍ fer fram 4. júní nk. að Árnosi kl 13.00 eh.

Hægt er að láta skrá sig á staðnum frá kl. 11.00

Boðið er uppá 3 vegalengdir, **2 km, 3 km, og 4,5 km.** Þú ræður hraðanum sjálf, þú ferð á þeim hraða sem þér hentar best, gengur, skokkar eða hleypur.

Hægt er að skrá sig hjá Dúddu frá 25. maí í sínum 861-0015 og 486-6025, það eru allar konur velkomnar, það er ekkert aldurstakmark!

Hressing er að hlaupi loknu.

Það er frítt í sund fyrir þátttakendur

Ég vil minna konur á að til að tryggja sér bol er best að láta skrá sig fyrirfram.

Hittumst hressar og kátar.

Dúdda



Leikjanámskeið í júní!

Eins og undanfarin ár tókum við þátt í leikjanámskeiði á vegum HSK dagana 6.-16.júní. Námskeiðið stendur yfir í átta daga í 2 og 1/2 klst. í senn og eru þau ætluð börnum á aldrinum 6 - 12 ára.

Námskeiðið byrjar fyrir hádegi kl. 9:00 og er til 11:30.

Íþróttakennarinn Ólafur Guðmundsson kennir á námskeiðinu í ár, líkt og í fyrra. Mikil áhersla er lögð á að kenna leiki og sem flestar íþróttagreinar á námskeiðunum, svo sem knattspyrnu, frjálsar íþróttir, hjólreiðar, sund, gönguferðir, körfuknattleik, alls kyns þrautir og sitthvað fleira.

Nánar auglýst síðar!

Kveðja UMFS



Langar þig að koma og vinna með okkur ?

Leikskólinn, Leikholt, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi auglýsir stöðu matræðs lausa til umsóknar.

Lögð er áhersla á lipurð í mannlegum samskiptum, áhuga og metnaði gagnvart starfinu.

Auglýst staða er fastráðning og þarf viðkomandi þarf að geta hafið störf 8. ágúst 2011.

Umsóknarfrestur er til 25. maí og skal umsóknum skilað til leikskólastjóra;

Leikholt, Brautarholti 801 Selfoss eða leiskoli@skeidgnup.is

Upplýsingar veitir Vilborg M. Ástráðsdóttir leikskólastjóri, s. 486 5586 og 863 9689 og/eða á leiskoli@skeidgnup.is



Hér má sjá einlæga leikara endursegja og leika söguna um hana Búkollu á nýafstaðinni árshátíð leikskólans.

Þetta eru þau Ólöf María, Eiríkur Logi, Benedikt, Matthías, Magnús og Eyrún Huld.

Með bestu kveðju.
Vilborg Ástráðsdóttir .

Viðurkenning fyrir afbragðsstörf í þágu aldraðra veitt Dvalarheimilinu á Blesastöðum.

Í 5. tbl. Dagskrárinnar þann 5. maí s.l. segir frá viðurkenningu Öldrunarráðs Íslands 2010 fyrir afbrags störf í þágu aldraðra.

Viðurkenninguna hlaut Dvalarheimilið á Blesastöðum á Skeiðum og veitti Hildur Hermannsdóttir forstöðukona heimilisins verðlaununum viðtöku en þau eru verk eftir leirlistarkonuna Steinunni Marteinsdóttur.

Sr. Bernharður Guðmundsson fráfarandi formaður Öldrunarráðs Íslands og Pétur Magnússon núverandi formaður Öldrunarráðsins afhentu viðurkenninguna.

Eins og segir í frétt Dagskrárinnar byggist heimilisbragur Blesastaðaheimilisins á virðingu og hlýjum kærleika við heimilisfólkið og þar nýtur fólkið umhyggju og öryggis og góðs félagskapar á ævikvöldi sínu.

Það er gott til þess að vita að innan sveitarfélagsins sé unnið af slíkum metnaði og kærleika í þessum málaflokki og innilegar hamingjuóskir fylgja hér til Hildar og fjölskyldu, starfsmanna og heimilisfólksins á Blesastöðum.

Oddviti.

15. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 19. apríl 2011 í Árnesi kl. 13:00.

Mætt: Gunnar Örn Marteinnsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Lagður fram ársreikningur sveitarfélagsins, endurskoðandi mætir og gerir grein fyrir helstu niðurstöðum hans.
Endurskoðandi, Einar Sveinbjörnsson fór yfir reikninginn og hann ræddur í sveitarstjórn. Sveitarstjórn samþykkir að vísa ársreikningi 2010 til annarrar umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.
2. Fundargerð skólanefndar fundur nr. 7 grunnskólamál haldinn 11.04.11.
Varðandi lið 2. Samningsdrög við skólabílstjóra verða lögð fyrir næsta sveitarstjórnarfund. Varðandi lið 4. Sveitarstjórn samþykkir tillögu skólanefndar um að ráða Bolette Höeg Koch sem skólastjóra frá 1. ágúst n.k. tímabundið, til eins árs.
Sveitarstjórn samþykkir fundargerð skólanefndar að öðru leyti.
3. Fundargerð skólanefndar fundur nr. 8 leikskólamál haldinn 12.04.11.
Fundargerð skólanefndar nr. 08 samþykkt.
4. Fundargerð umhverfisnefndar fundur nr. 5 haldinn 11.04.11.
Fundargerð umhverfisnefndar nr. 05 samþykkt.
5. Fundargerð félagsmálanefndar fundur nr. 136 haldinn 07.04.11.
Fundargerð staðfest.
6. Lagt fram til staðfestingar samkomulag milli sveitarfélagsins og Landsvirkjunar vegna eigendaskipta á sundlauginni í Þjórsárdal.
Sveitarstjórn staðfestir samkomulag um yfirtöku sveitarfélagsins á sundlauginni í Þjórsárdal af Landsvirkjun á kr. 0,- og felur oddvita að skrifa undir samkomulagið.
7. Lagður fram til staðfestingar leigusamningur milli sveitarfélagsins og Reykhólts sf vegna sundlaugarinnar í Þjórsárdal.
Lögð fram drög að leigusamningi sveitarfélagsins við Reykholt sf vegna sundlaugarinnar í Þjórsárdal. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við drögin og verða drögin lögð fram til staðfestingar á næsta sveitarstjórnarfund.
8. Samningur milli sveitarfélagsins og Matstofunnar ehf um leigu á hluta af félags heimilinu Árnesi undir veitingarekstur.
Lagður fram leigusamningur milli Matstofunnar Árnesi ehf og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Samningurinn samþykktur og oddvita falið að ganga frá undirskrift.
9. Samningur milli sveitarfélagsins og Matstofunnar Árnesi ehf um mötuneyti fyrir grunnskólann og starfsfólk Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
Lagður fram samningur um mötuneyti fyrir grunnskólann og starfsfólk Skeiða- og Gnúpverjahrepps milli Matstofunnar Árnesi ehf og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Samningurinn samþykktur og oddvita falið að ganga frá undirskrift.

10. Svar frá oddvita vegna fyrirspurnar Jóhönnu Lilju Arnardóttir frá síðasta fundi sveitarstjórnar v/innsendra afrita af skattframtali.
Varðandi fyrirspurn Jóhönnu Lilju Arnardóttur á síðasta fundi sveitarstjórnar hvað varðar reglur um geymslu og eyðingu skattframtala vegna afsláttar á fasteigna-gjöldum er því til að svara að í þeim tilfellum sem fólk þarf að leggja fram afrit af skattframtali til að fá þann afslátt, og eins ef fólk er að sækja um húsaleigubætur og í öðrum sambærilegum tilfellum, þá er reglan sú að framtölin eru vistuð í sér möppu sem er meðhöndluð sem trúnaðarmál. Þeim er síðan eytt eftir þann tíma sem ekki er lengur nauðsynlegt að vista bókhaldsgögn.

Mál til kynningar

- A. Lagt fram minnisblað vegna fundar sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu um athugun á samvinnu í íþrótt- og æskulýðsmálum og möguleika á sameiginlegum íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.
- B. Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands fyrir árið 2010 haldinn 28.03.11.
- C. Fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 201. fundur haldinn 08.04.11.
- D. Fundargerðir stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands fundur nr. 229 haldinn 28.03.11 og nr. 300 haldinn 04.04.11.
- E. Fundargerð starfshóps um sameiningarkosti sveitarfélaga á Suðurlandi fundur nr. 3 haldinn 21.12.10.
- F. Fundargerð verkefnisstjórnar um eflingu sveitarfélaga á Suðurlandi fundur nr. 1 haldinn 08.04.11.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 15:50.

Landsvirkjun og Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafa gert með sér samkomulag um yfirtöku Skeiða- og Gnúpverjahrepps á sundlaug Landsvirkjunar í Þjórsárdal með öllum réttindum sem henni fylgja.

Sundlaugin í Þjórsárdal var upphaflega byggð skömmu fyrir 1980. Síðan þá hafa ýmis mannvirki sem tengjast rekstri sundlaugarinnar og starfsemi hennar verið byggð og endurbætt. Sundlaugin hefur verið rekin og kostuð af Landsvirkjun.

Sundlaugin í Þjórsárdal er vestan Fossár milli Reykhólts og Rauðukamba. Starfsmenn Landsvirkjunar á byggingartíma Búrfellsvirkjunar byggðu fyrsta grunninn að sundlauginni með því að grafa gryfju sem þeir fðöruðu með segldúk á meðan Búrfellsvirkjun var í byggingu. Fljótlega fengu starfsmenn afgangssteypu frá Búrfellsvirkjun til að steypa laugina. Jarðvarmi var fenginn úr sjálfrennandi hver við laugina, með u.þ.b. 70° heitu vatni. Kalt vatn fæst með söfnun á vatni úr lindum í hlíðum ofan laugar. Heitt neysluvatn er fengið með upphitun á köldu vatni um spiral sem liggur í hvernnum. Laugin tekur um 700 tonn af vatni.

Í úrskurði óbyggðanefndar nr. 7/2000 er meðal annars fjallað um sundlaug Landsvirkjunar í Þjórsárdal. Þar kemur fram að sundlaugin er skráð í fasteignamati og að Landsvirkjun sé hvorki eigandi landsréttinda né jarðhitaréttinda sem þar um ræðir en sé hins vegar eigandi mannvirkja. Skeiða- og Gnúpverjahreppur þarf því að semja sérstaklega við eigendur vatnsréttinda og lands um áframhaldandi nýtingu vatnsréttinda og lands á svæðinu.

Yfirtakan miðast við 5. maí 2011 en tilhögun þessi mun ekki hafa neinn kostnað í för með sér fyrir sveitarfélagið þar sem laugin verður rekin af öðrum aðilum og á þeirra kostnað.

Ársreikningur Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2010!

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var samþykktur ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2010. Niðurstaða A og B hluta var rúmlega ellefu milljónir í plús sem er því miður ekki nógu góð útkoma en er þó skárri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir, tekjur sveitarfélagsins minnkuðu um rúmlega tólf milljónir frá árinu áður, launakostnaður jókst um tíu milljónir milli ára en annar rekstrarkostnaður minnkaði um níu milljónir. Það er nokkuð ljóst að tekjur sveitarfélagsins koma frekar til með að minnka en hitt í framtíðinni þar sem álagningarstofn fasteignagjalda mun trúlega minnka á næstu árum og ljóst er að laun munu hækka, þess vegna verður að halda áfram að gæta aðhalds í rekstri þannig að sveitarfélagið verði með viðunandi afkomu.

Laun og launatengd gjöld voru 35,2% af rekstartekjum ársins 2009 en fóru í 39,1% árið 2010, gripið hefur verið til ráðstafana til að lækka þennan lið til dæmis með minnkuðum opnunartíma í sundlaugum og bókasafni, einnig er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 að launakostnaður í grunn-skólanum lækki um fjórar milljónir, eins og staðan er í dag lítur út fyrir að það takist að halda þeirri áætlun. Sveitarfélagið er með mjög góða skuldastöðu og eigið fé er ágætt en þrátt fyrir það verður að gæta aðhalds í rekstri og samkvæmt lögum sem verið er að afgreiða frá Alþingi verður bannað að reka sveitarfélög með halla nema þriðja hvert ár enda er annað ekki ásættanlegt.

Oddviti

Landgræðsludagur!

Landbótafélag Gnúpverja stendur fyrir landgræðsludegi laugardaginn 11. júní næstkomandi inn við Sandafell.

Skráning í ferðina er hjá Bjarna í síma

862- 4917 fyrir 8. júní.

Hvetjum sem flesta til að mætta og leggja góðu málefni lið.

Stjórnin.



Minningarkort Stóra-Núpskirkju er hægt að fá hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.



Frá Búnaðarfélagi Gnúpverja 2011

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún.

Sími Búnaðarfélagsins er: **845-0891**



Gjaldskrá 2011:

Haugsuga 11,5 T	7.500 kr pr. dag
Haugsuga 13,5 T	11.000 kr pr. dag
Skádæla	6.000 kr pr. dag
Brunndæla	6.000 kr, pr. dag
Rafmagns flórhæra	6.000 kr pr. dag
Pinnatætari	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 1.500 kr/klst.
Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunarborði	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Nýtt! Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	2.000 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Fjaðraherfi	1.500 kr/klst. Lágmarksgjald 4.500 kr.
Hagasláttuvél	2.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 1000 kr/klst.
Sláttuvél m/knossara og færif. ofl. 4 m	5.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 3.500 kr/klst
Diskaherfi 4,5 m (Staðs. Norðurg.)	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Flaghefill	1.000 kr/klst. Lágmarksgjald 3.000 kr.
Steypuvél	50 kr/poka, startgjald 3.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	5.000 kr/dag.
Tveggjahesta kerra	3.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 5.000 kr/dag
Fjölnotakerra	4.000 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 5.000 kr/dag

Gjaldskráin gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er **15.000 kr.**

Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka !!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Kveðja.

Búnaðarfélag Gnúpverja

Körfuboltafréttir UMFH

Nú er veturinn á enda og þar með einnig körfubolta tímabilið. Keppt var bæði á Íslands-mótum og HSK mótum og stóðu krakkarnir sig mjög vel nú sem endranær. Bestum árangri náðu minnibolta stelpurnar en þær lentu í öðru sæti Íslandsmótsins og hrepptu því silfurverðlaun-frábær árangur!

9fl.stúlkna komust síðan í undanúrslit á Íslandsmótinu.

10fl.karla urðu HSK meistarar.

10fl.kvenna urðu HSK meistarar.

8fl.kvenna urðu HSK meistarar.

Minnibolti karla urðu HSK meistarar.

Minnibolti kvenna urðu HSK meistarar.



Margrét Hrund Arnarsdóttir var valin í U15 landsliðið og mun fara til útlanda að keppa fyrir Íslands hönd. Óskum við henni góðs gengis og erum stolt af henni!

KKÍ stendur fyrir afreksbúðum og eru um 20 krakkar valdir frá UMFH til að taka þátt. Einnig voru nokkrir krakkar valdir til að taka þátt í 2daga æfingaprógrammi, sérsniðnu fyrir hávaxna leikmenn.

Sú nýjung var tekin upp á hálfu stjórnar að fá foreldri úr hverjum flokk til að vera tengiliður á milli þjálfara og foreldra. Helstu verkefni tengiliðs eru að skipuleggja akstur og dreyfa upplýsingum. Þetta virkaði mjög vel og kunnum við tengiliðum bestu þakkir fyrir vel unnin störf í vetur.

Stefnt er á að halda lokahóf á næstunni en það verður frekar auglýst síðar.

Takk fyrir skemmtilegan vetur krakkar, hlökkum til að sjá ykkur hress og kát næsta haust!

Stjórnin.



Næsta fréttabréf kemur út 15. júní 2011.

Skilafrestur efnis til 10. júní 2011.

Umsjón: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin

mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

Sími 486-6014 Fax 486-6091

Sími í Áhaldahúsi 893-4426 (Ari) Veffang: www.skeidgnup.is

Hvítasunnudagur 12. júní. Hátíðarmessa Stóra-Núpi.

Ferming - fermd verða:

Andrea Ýr Úlfhéðinsdóttir Haga 2

Anton Gabríel Winter, Borgarkoti

Ágúst Guðnason, Brúnum



Annar í Hvítasunnu 13. júní.

Hátíðarmessa Ólafsvöllum kl.14:00

Prestur sr. Eiríkur Jóhannsson.

Organisti: Þorbjörg Jóhannsdóttir. Kórarnir syngja.

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnadóttir.

Garðyrkjufraeðingur

Flúðum Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Skipað var í þrjár nefndir á aðalfundi UMFG 2011

Íþróttanefnd: Gestur Einarsson, Ingvar Þrándarson, Stefanía Eyþórsdóttir.

Skemmtinefnd: Stefanía Eyþórsdóttir, Björn Júlíus Grímsson, Bjarni Guðmundsson


Vallarnefnd: Arnór Hans Þrándarson, Jón Einar Valdimarsson, Eiríkur Ólafsson.

Leiknefnd: (óbreytt) Sigrún Bjarnadóttir, Þóra Þórarinsdóttir og Eyþór Brynjólfsson.

Frekari fréttir af aðalfundi UMFG eru á bls.13

Á bak við eldavélina!

Í síðasta fréttabréfi var skorað á mig, af Skafta nágranna mínum og meistarakokki, að töfra fram einhverja af mínum frægu uppskriftum. Hingað til hafa mín helstu afrek í eldhúsinu helst falist í að sjóða egg, hita vatn í te og smyrja brauð. Eftir að ég fékk landnáms hæðunarnar mínar hjá henni Valgerði hefur áhugi minn á eldamennsku ýmis konar þó aukist og ég kann orðið að spæla egg og gera ommilettur. Þó grunar mig að ég lumi á einni uppskrift sem er við hámarksgetu eldamennsku minnar.



Kjúklingur í rosa góðri sósu

Aðalhraefnið er kjúklingabringur. Best er að kaupa alvöru kjúklingabringur en ekki þetta vatnsfyllta tilbodsdót. Kjúklingabringurnar eru kryddaðar eftir smekk. Sjálfur nota ég blandað kjúklingakrydd en eins og margt annað í þessum rétti þá er rétt að smekkur hvers og eins ráði. Kjúklingabringurnar eru sem sagt kryddaðar og steiktar á pönnu, síðan settar í ofn og eldaðar við 180° í 40 mín. (ef vill má einnig grilla kjúklingabringurnar). Eina sem þarf að passa vel er að kjúklingabringurnar séu alveg örugglega gegn eldaðar þar sem illa eldaður kjúklingur getur farið illa í maga. Einu sinni var okkur boðið í mat hjá systur minni og hún var með kjúkling í matinn sem ekki var nægjanlega eldaður og til að gera langa sögu stutta þá fengu menn talsverða magapínu eftir það matarboð.

Meðan kjúklingurinn er að eldast (þ.e. matreiðast en ekki verða eldri) er tilvalið að huga að meðlætinu. Sósan er aðaltriðkið herna og því geymi ég hana þar til síðast.

Hrísgrjón eru rosalega sniðugt meðlæti með kjúkling. Það má segja að kjúklingur og hrísgrjón fari jafnvel saman og pulsa og kók. Einfalda triðkið er að kaupa svona poka-hrísgrjón og þá er það eina sem þarf að gera að láta pokana með hrísgrjónunum sjóða í potti í 15 mín. eins og stendur á pakkanum.


Salat er líka alveg rosalega sniðugt í svona matargerð. Ég nota svona „hvað er til í ísskápnum“ aðferðina til að gera salat, en grunnhraefnið er alltaf kál, tómatar og agúrkur. Út í þetta bæti ég síðan gjarnan papriku, epli og bara svona alls konar. Eitt sem toppar salatið er síðan að hafa gulan dorritos poka mulinn út á það (innihaldið). Með salatinu læt ég síðan fylgja skál af Feta osti svo menn geti sett út á salatið eftir smekk.

Sósan er síðan aðaltriðkið. Í hana nota ég Salsa sósu, grillsósu og vatn. Salsa sósan verður að vera eftir smekk, sjálfum finnst mér gott að nota „hot“ sósu en oftast er sniðugast að vera með „medium“ sósu. Salsa sósan er sett í pott og "dashi" af grillsósu

(t.d. Hunt's barbecue) skellt út í og smakkað til. Þegar gott bragð er komið af sósunni þá er vatni bætt úti en athugið að það er helst hugsað til að þynna sósuna svo hún verði frekar sósa en grautur. Sósan er síðan hituð að þægilegu munnhitastigi.



Rétturinn er svo borinn fram með umhyggju gagnvart þeim sem eiga að neyta hans. Gott er að drekka með eitthvað (eða allt) af eftirtöldu: Vatn, Appelsín, Malt & Appelsín, Pepsi, bjór, hvítvín, rauðvín. Ég skora síðan á Jóhannes Eggertsson (Jóa á Sléttabóli) að koma með eina af sínum svinslega frábæru uppskriftum í næsta fréttabréfi.



Verði ykkur að góðu.

Jónas Yngvi Ásgrímsson

E.s. Ég vil benda á að Landnámshænur eru ekki ætlaðar til matar þar sem þær eru gælu-dýr. Þið látið hæurnar okkar Valgerðar í friði ef ykkur vantar hráefni!

Fréttir frá UMFG

Aðalfundur félagsins var haldinn 18. apr. sl.

Fundurinn var vel sóttur og greinilegt að vakning er meðal félagsmanna.

Ýmis málefni voru rædd eins og fjáröflun, samvinna ungmennafélaga um íþróttastarf, íþróttanámskeið ofl.

Mikill áhugi er á að laga útiaðstöðu og fótbolta- og frjálsíþróttavöllinn við Árnes. Fundurinn var einnig sammála um að sveitarfélagið mætti leggja meiri metnað í aðstöðu til íþróttaiðkana í Árnesi. Til stjórnarsetu voru kosin áfram Einar Gestsson form., Daði Viðar Loftsson gjaldkeri, og Petrína Þórunn Jónsdóttir ritari.

Á fundinum voru veittar í fyrsta sinn viðurkenningar fyrir íþróttamann og konu sem þykja hafa skarað fram úr sl. ár. Fyrir árið 2010 fá þau Guðrún Arnardóttir og Nikulás Hansen Daðason

farandbikar og skjöld til eignar. Bæði keppa þau fyrir hönd Ungmennafélags Selfoss hvort í sinni grein. Guðrún spilar með 3. fl og meistarafl. kvenna í fótbolta og hafa þessi

lið náð góðum árangri á sl. keppnistíð.

Hún var einnig valin í U-17 landslið kvenna og hefur spilað á mótum með því liði. Nikulás spilar með 4.fl karla í handbolta. Liðið varð bikarmeistari sl. vetur auk þess að komast í fjögurra liða úrslit í Íslandsmeistaramótinu. Þetta eru duglegir krakkar sem æfa stift og leggja mikið á sig til að sinna æfingum.



Kveðja frá
stjórn UMFG



16. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 03.05.2011

í Árnosi kl. 14:00.

Mætt: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristjana H. Gestsdóttir ritaði fundargerð.

Gunnar setti fund og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

1. Ársreikningur Skeiða-og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2010 síðari umræða.
Ársreikningur Skeiða-og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2010 lagður fram til síðari umræðu. Helstu niðurstöður ársreikningsins samantekið A og B hluti í þúsundum króna.

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur kr. 385.224

Rekstrargjöld kr. -374.290

Fjármagnsgjöld kr. 334

Rekstrarniðurstaða kr. 11.149

Efnahagsreikningur

Fastafjármunir kr. 409.873

Veltufjármunir kr. 155.641

Eignir samtals kr. 565.514

Skuldir og eigið fé

Eiginfjárreikningur kr. 440.308

Langtímaskuldir kr. 42.361

Eigið fé og skuldir samtals kr. 565.514

Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti nam veltufé frá rekstri árið 2010 kr. 26.106

Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og áritaður af sveitarstjórn.

2. Fundargerð aðalfundar skipulags-og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árneseyslu og Flóahrepps bs. haldinn 26.apríl 2011.
Fundargerð lögð fram.
3. Fundargerð skipulags-og byggingarnefndar 34. fundur haldin 26.04.11, jafnframt lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa 62. fundur haldinn 06.04.11.
Fundargerð skipulagsnefndar nr. 34 samþykkt. Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 62 lögð fram.
4. Verksamningar við skólabílstjóra.
Lagðir fram verksamningar við skólabílstjórana Bjarna Ófeig Valdimarsson, kt. 181049-4809, Ólaf Jóhannsson, kt. 200351-3479, Aðalstein Guðmundsson, kt. 010552-2069, Valdimar Jóhannsson, Núpsverk ehf. kt. 520603-3790 og Gest Þórðarson, kt. 250449-4459 sem allir hafa allir sinnt skólaakstri í sveitarfélaginu á undan förnum árum en núverandi samningur rennur út að loknu þessu skólaári. Endurnýjaðir samningar gilda frá þeim tíma til loka skólaárs 2013-2014.

5. Minnispunktur af fundi Þjórsársveita haldinn í Þingborg 18.04.11.
Lagðir fram.
6. Lagt fram svar hönnuða í framhaldi af bókun sveitastjórnar frá 5. apríl vegna vinnu við aðalskipulag í Brautarholti.
Sveitarstjórn þakkar hönnuðum greinargóð svör við fyrirspurn.
7. Lagt fram lóðablað Landnota ehf. dags. 27. október 2010 í mkv. 1:2.000 yfir 8.425 fm spildu úr landi Ása í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (landnr. 166523). Gert er ráð fyrir að landið verði í kjölfarið sameinað við land Manar (landnr. 177639).
Sveitarstjórn samþykkir erindið skv. 1. mgr. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gerir ekki athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 16:30

Afréttakort milli Þjórsár og Hvítár!


Endurútgefið kort, með örnefnum, af afréttum
Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna er til sölu á skrifstofunni
í Árnesi og kostar kr. 500.- Þetta er vinsælt kort en nóg er til ennþá!
Oddviti.

Munið fótboltaæfingar öll þriðjudagskvöld kl. 20:00 á sparkvellinginum í Árnesi.

Allir út að sparka.

Það er komið sumar!


Æfingarnar eru á vegum UMFG og UMFS



Menn og Málefni!

Andrea Sif Snæbjörnsdóttir og Árni Már Einarsson Brautarholti 9, eignuðust dreng þann 26. apríl. Hann vó 2,870 gr 48,5 cm og hann á tveggja ára eldri bróður, Arnór Inga. Hjartanlega til hamingju með litla drenginn. Þá voru brottfluttar, ungar, konur héðan úr sveitinni duglegar við að fjölga landsmönnum síðustu mánuði því Sigprúður Loftsd. (Steinsholti), Helga Katrín Tryggvad. (Hlíð), Eva Björk Birgisd. (Hraunteigi), og Anna Stefanía Vignisd. (Brautarholti) eignuðust allar sitt fyrsta barn. Þær hafa allar stofnað heimili og tvær búa í Reykjavík tvær á Selfossi.

Við óskum fjölskyldunum innilega til hamingju með litlu krúttin.
Ein stúlka er í hópnum en móðir hennar er hún Anna Stefanía!



Vorfundur Kvenfélags Gnúpverja

verður haldinn í Árnesi 19. maí n.k. kl. 20.30.



Sérstakur gestur fundarins verður Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti og mun hún tala um sjálfvalið efni.

Á fundinn eru boðin Kvenfélögin í Gaulverjabæjarhreppi, Hraungerðishreppi, Villingaholtshreppi og Skeiðahreppi.

Við munum kaupa kaffi og kökur hjá nýjum veitingaaðilum í Árnesi og kostar það 1000 kr. á mann en félagið borgar það fyrir sínar félagskonur.

Að loknu spjalli og kaffidrykkju með gestum okkar verður stuttur vorfundur.

Við vonum að sem flestar konur í Gnúpverjahreppi vilji njóta þessarar kvöldstundar og bjóðum

ALLAR KONUR VELKOMNAR.

Vinsamlegast látið vita um þátttöku til Önnu í s-4866034

eða á netfangið hlidgnup@hotmail.com

Stjórnin.



FÉLAGSPJÓNUSTA

UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU OG FLÓA

óskar eftir starfsfólki í sumarafleysingar..

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- ✦ Almenn þrif
- ✦ Aðstoð við persónulega umhirðu
- ✦ Veita félagslegan stuðning og hvatningu

Vera vakandi yfir andlegri og líkamlegri líðan þjónustuþega

Helstu hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulagshæfni
- Hæfni til að starfa sjálfstætt

Skilyrði að umsækjandi hafi reynslu af almennum heimilisstörfum

Starfsmaður þarf að hafa bíl til umráða.

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2011

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Símonardóttir í síma 480-5300

eða sendið fyrirspurn í tölvupósti á sigrun@laugaras.is

Starfsfólk vantar til starfa við SUNDLAUGARNAR í sumar!

Starfskraft vantar við sundlaugargæslu í sveitarfélaginu virka daga og aðra hverja helgi í sumar. Auk þess vantar starfsfólk um helgar við gæsluna.

Steinunn gsm 848-1474.



Tamningar og Þjálfun!

Hef nokkur laus pláss í tamningu og þjálfun frá 15. maí til 15. ágúst. Er komin með töluverða reynslu. Síðustu 7 mánuðina hef ég unnið fyrir Sigga Sig. í Þjóðólfshaga og þar á undan fyrir Söru í Álfhólum.

Tek 35 þúsund á mánuði fyrir utan vsk og járnningar.

Elísabet í Steinsholti S: 845 7615 elisabet_0315@hotmail.com


REIÐSKÓLINN GELDINGAHOLTI.

Reiðnámskeið fyrir byrjendur 6 -10 ára hefjast
í lok maí - byrjun júní.

Fleiri námskeið í boði í júní fyrir áhugasama.

Nánari upplýsingar í síma 486-6055 og 861-7013.

Rosemarie



Viola Snyrtistofa á Flúðum Högnastíg 1

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Fótsnyrting

Vaxmeðferð

Hef til sölu húðvörur fyrir bæði
dömur og herra frá **GUINOT**
Tímabantanir í síma
856-1599

Hundafangari í Skeiða- og Gnúpverjahreppi!
Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.

Úrslit firmakeppni og styrktaraðilar

SMÁRI



Firmakeppni Smára fór fram í frábæru veðri á Flúðum sunnudaginn 1. maí. Um 60 skráningar voru á mótinu og glæsileg hross í öllum flokkum og vandaverk fyrir dómara að raða niður í sæti. 12 pollar tóku þátt og sýndu listir sínar í reiðhöllinni og fengu allir verðlaunapening að launum. Frábær þátttaka var líka í barna og unglingaflokki og er gaman að fylgjast með hvað krakkarnir eru vel ríðandi og ljóst er að framtíðin er björt.

Stjórn Smára þakkar öllum fyrir þátttökuna og þeim sem komu til að fylgjast með og sérstaklega þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem styrktu mótið, sjá meðfylgjandi lista á bls. 21.

Meðfylgjandi eru helstu úrslit.

BARNAFLOKKUR

1. Ragnheiður Einarsdóttir og Rúbín frá Vakurstöðum - BÝ EHF
2. Helgi Valdimar Sigurðsson og Hugnir frá Skollagróf - KILHRAUN.IS
3. Aníta Víðisdóttir og Skoppi frá Bjargi - HRUNAMANNAHREPPUR

UNGLINGAFLOKKUR

1. Sigurbjörg Bára Björnsdóttir og Forseti frá Vorsabæ II - DÝRALÆKNAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS
2. Alexandra Garðarsdóttir og Vífill frá Dalsmynni - VARMALÆKUR
3. Gunnlaugur Bjarnason og Andrá frá Blesastöðum 2a - FLÚÐAFISKUR

HELDRI MENN OG KONUR

1. Jón Hermannsson og Sylgja frá Högnastöðum - DÝRALÆKNAMIÐSTÖÐIN ° SANDHÓLAFERJU
2. Valgeir Jónsson og Röðull frá Þverspyrnu - ÍPRÓTTAHÚSIÐ FLÚÐUM
3. Rosmarie Þorleifsdóttir og Hetja frá Vestra-Geldingaholti - VORSABÆR II

SKEIÐ

1. Guðmann Unnsteinsson og Þrúma frá Langholtskoti - BYKO
2. Sigurður H. Jónsson og Seðill frá Skollagróf - FLÚÐAVERKTAKAR
3. Sigfús Guðmundsson og Prins frá Vestra-Geldingaholti - HROSSARÆKTAR FÉLAG HRUNAMANNA

KVENNAFLOKKUR

1. Kristbjörg Kristinsdóttir og Dís frá Jaðri - TÚNFANG
2. Lára Bergljót Jónsdóttir og Tvistur frá Reykholti - TAMNINGASTÖÐIN LANGHOLTSKOTI
3. Berglind Ágústsdóttir og Hekla frá Syðra-Velli - KAFFI SEL

KARLAFLOKKUR

1. Hermann Þór Karlsson og Jódís frá Efri-Brúnavöllum - BALDVIN OG ÞORVALDUR EHF
2. Unnsteinn Hermannsson og Prins frá Langholtskoti - PIZZA ISLANDIA
3. Guðmann Unnsteinsson og Blúnda frá Arakoti - PIZZAVAGNINN

Úrtaka fyrir Landsmót 2011 **verður haldin í samstarfi við önnur** **hestamannafélög á Suðurlandi þann 12. júní** **næstkomandi á Hellu.**

Hestamannafélagið Smári á rétt á að senda 3 knapa í hvern flokk á Landsmóti hestamanna sem fram fer á Vindheimamelum dagana 26. júní til 3. júlí.

Hestamannafélagið Smári ætlar að bjóða upp á kennslu fyrir börn og unglinga sem stefna á þátttöku í úrtökunni og svo áframhaldandi aðstoð fyrir þá er það vilja sem vinna sér þátttökurétt á landsmóti.

Kennari verður Sólon Morthens.

Hestamannafélagið Smári mun styrkja þau börn og unglinga sem keppa fyrir félagið á Landsmóti um 20.000.- krónur hvert.

Nánar auglýst síðar.

Stjórnin



Frá Umf Skeið.

Aðalfundur var haldinn þann 23. feb síðast liðinn.

Engar breytingar urðu á stjórn en hana skipa:

Lára Bergljót Jónsdóttir formaður
Ágúst Guðmundsson gjaldkeri
Sigríður Ósk Jónsdóttir ritari

Til vara er fráfarandi stjórn,

Ólafur F. Leifsson,
Guðjón Vigfússon
Sigrún H. Þórðardóttir.

Kosið var í eftirfarandi nefndir:

Íþróttanefnd:

Lára Bergljót Jónsdóttir - form.
Valgerður Auðunsdóttir
Þóra Gylfadóttir
Unnur Lís Schram
Ása Ljungberg

Skák og spilanefnd:

Jóna Sif Leifsdóttir - formaður
Valdimar Stefán Sævaldsson
Svala Bjarnadóttir

Skemmtinefnd:

Sigríður Ósk Jónsdóttir - formaður
Ragnheiður Eggertsdóttir
Bjarni Rúnarsson
Gunnlaugur Bjarnason

Skoðunarmenn reikninga:

Guðjón Vigfússon
Bjarni Ó. Valdimarsson



Kertasmiðjan í Brautarholti

Sumaropnun frá 15. maí

mánudag – fimmtudag 11:00 – 18:00

föstudag – sunnudag 11:00 – 20:00

Grillið

Hamborgarar & franska

Samlokur & pylsur

Auðvitað ávallt heitt kaffi á könnunni



Tjaldsvæðið í Brautarholti er í umsjá Kertasmiðjunnar
sem og salurinn í júlímánuði.

Nánari upplýsingar veita Hermann og Ragnhildur í síma 663 4666
og 893 3999

www.kertasmidjan.is - mail: kertasmidjan@web.is - S. 486 5518

Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu, Brautarholti

Opið fimmtudaga út júní kl. 20—22

Lokað júlí!

Verið dugleg að skila bókum og
taka bækur fyrir sumarfrí.

bokasafn@skeidgnup.is S: 486-550

Nefndin!



STYRKARADILAR FIRMAKEPPNI SMÁRA 1. MAÍ 2011

Flúðaverktakar	Garðyrkjustöðin Hvammi	Íþróttahúsið Flúðum
Hrunamannahreppur	Sundlaugin Flúðum	Félagsh. Flúðum
Kaffi- Sel	Hestakráin	Lárus Reykjarflöt
Góðir Hálsar	Landstólpi	Verslunin Árborg
Veitandi	Fögrusteinar	Bílar og lömb
Tamningastöðin Langholtskoti		Sauðfjarræktarfé. Hrunamanna
Hrossaræktarfé. Hrunamanna		Landsvirkjun
Flækja og félagar	Hótel Flúðir	Kílhraun.is
Hestaleiga Sigmundar Syðra-Langholti		Íslenskt grænmeti
Gestur og Gréta Kálfhóll 2a		Þórunn og Samúel Bryðjuholti
Búnaðarmannafélag Hrunamanna		Ragnar Magnússon
Flúðafiskur		Hrossaræktarbúið Miðfelli
Haukholt 1	Flúðaleið- flutningar	Jötunn vélar
Félagsmiðstöðin	Zero	Pizza islandia
Kjöt frá Koti	Pizzavagninn ehf	Vorsabær II
Heimir málari	Hraunteigur ehf	Nesey ehf
Mountainers of Iceland	Gistiheimilið Grund	Þá - bílar
Vélaverkstæðið Klakkur	Áhaldahúsið Steðji	Brigitte Brugger
Ljósmyndir Sigga Sig	Dýralækningaþjónusta Suðurlands	
Búnaðarsamb. Suðurlands SS Selfossi		Dýralæknastöðin sandhólaferju
Alli Tul og co	Hjalli Gunn	Jörðin Jaðar
Bjarni Valur og Gyða	Baldvin og Þorvaldur ehf	Harri Hamar
Dalbær	Útlaginn	Bý
Arion banki	Kurl project	Tré og straumur
Múrbúðin	Byko	Melar
Hrepphólabúið	Kotlaugar	Flúðaverktakar
Fossi ehf	Fjallaraf	Tún-fang
Flúðasveppir	Golfvöllurinn Ásatúni	Flúðafiskur
Varmaækur	Túnsbergsbúið	Bökun Auðsholti
Fólaldafóðurin Hrafnkelsstöðum		Kertasmiðjan
Reykás	Silfurtún	Flúðaraf
Siggi og Fjóla	Skollagróf	Grænna land
Bjarni Gnnlaugur Bjarnason Skeiðholti 3		



Vordagur



Laugardaginn 21. maí ætlar

Kvenfélag Skeiðahrepps að standa fyrir plöntuskiptum hjá Valgerði á Húsatóftum frá kl. 11 – 13. Þangað geta allir komið með plöntur úr garðinum sínum og skipt út fyrir aðrar. Ekki er þó nauðsynlegt að koma með plöntur með sér. Hafsteinn Hafliðason mætir á staðinn með fræðslu um matjurtaræktun, og svarar spurningum. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Jóhönnu Vilhjálms, formanni, í síma: 864 6101.

Allir velkomnir, vonumst til að sjá sem flesta.
Stjórn Kvenfélags Skeiðahrepps

Afréttarmálnefnd Gnúpverja!

Afréttarmálnefnd Gnúpverja ætlar í sumar að hefja endurbætur á aðstöðunni á afréttinum þ.e. húsum og girðingum. Við köllum nú eftir sjálfboðaliðum til að koma og vinna þetta verk með okkur svo nota megi það fjármagn sem fengist hefur til kaupa á efni.

Það þarf að smíða, mála og laga vatns og rotþróarmál. Við stefnum á helgina 24.- 26. júní og ætlum fyrst að taka til hendinni í **Gljúfurleit**.

Hvetjum þá sem tók hafa á að koma með okkur í þetta þarfa verk. Til að skipuleggja megi sem best vinnuna væri gott að vita um þátttöku sem má tilkynna til Lilju Loftsdóttur.

Með von um góðar undirtektir.
Afréttarmálnefndin: Lilja, Oddur, Bjarni.

Bókanir — Brautarholt

Steinunn Á. Einarsdóttir sér um bókanir fyrir leigu á salnum í Brautarholti í júní S. 848-1474.

Í júlí sér Kertasmiðjan um útleigu á salnum í síma 663-4666 og 893-3999!



Reiðhjól og rúm til sölu !

21 gíra hjól til sölu og rúm úr
rúmfatalagernum 90 cm x 2 m
Fæst fyrir lítið!

Upplýsingar í síma
847-8162



EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla söluaðila.

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka
daga. sími: 486-1070 fax 486-6693 gsm: 892-2370

netfang: fludaleid@simnet.is

*Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Heilsugæslan í Laugarási sími 480-5300

Símatímar lækna alla virka daga kl. 9-9:30 og 13 –13:30

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

ÁSBÚÐIN!

Þær breytingar hafa orðið að Múrbúðin á Flúðum hefur fengið nýtt nafn og heitir núna **ÁSBÚÐIN**, rekstraraðili er sá sami þ.e. **Vöndull ehf.** Vöruúrval er að mestu leyti það sama, en við höfum bætt við vörum frá Líflandi sem tengjast búrekstri. Málningarvörurnar eru frá Flugger. Flísar, parket, gólf dúkar og vörur tengdar þeim frá Álfaborg, (verður komið í verslunina fljótlega eftir páska).

Með þessum breytingum vonumst við til þess að geta veitt enn betri þjónustu og viljum jafnfram hér með þakka kærlega fyrir góðar viðtökur.

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ – ALLRA HAGUR
ÁSBÚÐIN

Flúða Taxi



Sími 893 1462



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3
sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00
Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:
856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Á döfinni hjá Zero

Ungmennaskipti

Let's do business, Laugarvatni 25. mars – 1. apríl

Ellefu ungmenni frá Zero tóku móti hópum frá félagsmiðstöð í Englandi og framhaldsskóla í Eistlandi síðustu vikuna í mars. En öll tóku þau þátt í verkefni um nýsköpun og frumkvöðla í heimabyggð sem styrkt var af Evrópu unga fólksins (Youth in Action), ungmennaáætlun Evrópusambandsins. Héldu þátttakendur til í Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni ásamt sjö fararstjórum í mjög góðu yfirlæti.

Hóparnir höfðu undirbúið smíðjur og fyrirlestar fyrir hvern annan þar sem kynnt voru spennandi verkefni á sviði nýsköpunar og ötulir frumkvöðlar frá öllum löndunum. Þar að auki kynntu við okkur frumkvöðlastarfsemi hér í uppsveitunum, sérstaklega á sviði ferðapjónustu. Teknar voru saman niðurstöður úr þessari vinnu og svo unnið í hópum að eigin hugmyndum. Markmið verkefnisins var að auka vitund og áhuga þátttakenda á nýsköpun og öðrum leiðum til að auka atvinnutækifæri í dreifbýli.

Nú bíðum við svars hvort við fáum styrk fyrir áframhaldi verkefnisins en stefnt er á að hóparnir hittist næst í ágúst og þá í Eistlandi þar sem ræða á um starfsframa og hvernig hægt sé að skapa atvinnu fyrir næstu kynslóð. Að síðustu verður haldið til Englands í apríl 2012.

Einnig var margt gert sér til gamans þessa viku, meðal annars með kvöldvökum, leikjum og keppnum í íþróttahúsinu, ferðum um sveitirnar og til Reykjavíkur ásamt allskonar flippi. Farið var á skauta, og í ratleik um miðbæ Reykjavíkur.

Margt var gert til að kynna löndum og menningu hvers annars t.d. á fjölmenningsarkvöldi og með því að elda þjóðlega rétti frá hverju landi fyrir sig. Íslenski hópurinn skellti í kjötsúpu, en það gerðu sumir í fyrsta sinn en aðrir í annað skiptið á ævinni, rúgbrauð og flatbrauð með hangikjöti var einnig smurt til og borið fram með.

Mikið var um hlátur og bros alla vikuna þó þreyttan sækti á þegar á leið enda dagskráin stíf. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir, hægt er að nálgast fleiri á heimasíðunni, zero.fludir.is Verkefni sem þetta gerist ekki af sjálfum sér og ómetanlegt að hafa stuðning samfélagsins á bak við sig eins og í okkar tilfelli, sérstökum þökkum viljum við koma til:

Kaffi Mika, HÚFA, Laugarvatn Adventures, fjölskyldunni á Tungufelli, starfsfólks á skrifstofu Hrunamannahrepps, ÞÁ bílum, Báru Sevaldsdóttur, Laugarvatn Hostel, Stefáns húsvarðar og allra þeirra sem studdu verkefnið með einum eða öðrum hætti.

Næstu ungmennaskipti

Í sumar fara fram önnur ungmennaskipti á Flúðum fyrir yngri aldurshóp en það verkefni hefur hópur unglinga skipulagt með jafnöldrum sínum í félagsmiðstöðinni Fallkulla í Helsinki. Það verkefni snýst um náttúru- og dýravernd ásamt útivist og dýrum í tómstundum.

Þeir sem fæddir eru á árunum 1998-1996 geta sótt um að vera með í þessu verkefni sem fer fram 22. júní – 1. júlí. Stefnt er á að heimsækja finnsku félagsmiðstöðina sumarið 2012.

Fallkulla er venjuleg félagsmiðstöð, ekki ósvipuð okkar fyrir utan það að hún er einnig heimili fjölda húsdýra sem ungmennin sjá um að gefa og hirða ásamt starfsfólki.

Áhugasömum er bent á að hafa samband sem allra fyrst. Símanúmerin eru 483-1836 og 774-0015, tölvupóstfangið: hjalti@fludir.is Nánar á heimasíðunni, zero.fludir.is

Samfeshátíðin

60 unglingar tóku þátt í ferð Zero á Samfeshátíðina 4.-6. mars. Auk þess að fara á tónleikanna þar sem unglingahljómsveitir spiluðu ásamt þekktum tónlistarmönnum í lokakeppni söngkeppni, samtakanna var farið á skauta og í keilu.



Hópefli og skemmtun í öruggu umhverfi var það sem lagt var upp með í undirbúningi ferðarinnar og eru allir sammála um að vel hafi tekist með hvort tveggja. Allir voru til fyrirmyndar að vanda og andin góðunr. Ný vinatengsl, góður húmor og faglegt æskulýðsstarf eru orðin sem fyrst koma upp í hugan þegar helgin er gerð upp.

Svona er seinnipartur maí hjá Zero:

23. maí – Brjóstsykursgerð, kl. 19:30-22

9.-10. Bekkur

26. maí – Lokaball Zero og Flúðaskóla, kl. 20-23

Frístundastrætó

(27. maí – 10. bekkur kvaddur kl. 20-23

Frístundastrætó)

Þriðja starfsár félagsmiðstöðvarinnar er senn á enda og viljum við þakka öllum þeim sem hafa stutt starfið með einum eða öðrum hætti sem og þær jákvæðu viðtökur og þá góðu strauma sem samfélagið hefur gefið. Félagsmiðstöðvar þurfa að vera í stöðugri þróun til að aðlagast aðstæðum og þörfum samfélagsins hverju sinni. Einnig þarf að huga að því að þörfum allra hópa sé mætt. Á næsta starfsári gæti verið von á nokkrum breytingum í þessum anda en sumar þeirra hafa verið á stefnuskránni frá upphafi til að auka framboð tómtunda og efla aðra þjónustu Zero.

Það hefur verið heiður og ólýsanlega gefandi að fá að vinna með unglingunum okkar því þau eru áhugasöm, dugleg og uppfyll af orku og hugmyndum.

Hjalti Sigurðsson, forstöðumaður Zero

Flúðadeild Fordfélagsins stendur fyrir mikilli fjölskylduhátíð á Flúðum laugardaginn 4. júní næstkomandi.

Verður þetta sannkölluð fjölskylduhelgi og margt að gerast. Meðal viðburða verður að minnsta kosti 130 bíla Bílasýning, og Mótorhjóla.

Keppt verður í:

- ♦ 100m Bringusundi krakka sem fæddir eru árið 1999 og vegleg verðlaun fyrir þrjú efstu sætin.
- ♦ Bændagöngu í tveimur flokkum, 14-16 ára með tvö 10kg lóð, og 20+ með tvö 20kg lóð.
- ♦ Hestaspyrnu (stuttar kappreiðar, hestaspyrna 150-250m á beinni braut), reiptogi fyrirtækja á suðurlandi, en keppt verður í 4 og 6 manna liðum.
- ♦ Síðasta keppnisgrein dagsins verður keppni í armbeygjum, en keppendur þurfa fyrst að svara nokkrum laufléttum spurningum um heimilishald. Skilyrði til að taka þátt í þessari keppnisgrein er að viðkomandi sé á aldrinum 25-45 ára og sé einhleyp/ur.

Þarna verður að sjálfsgöðu sungið og trallað til klukkan 22:00 en þá lýkur formlegri dagskrá. Glæsileg verðlaun verða veitt fyrir keppnirnar, en sem dæmi um vinninga fá þrír karlmenn og þrjár konur hótलगistingu með kvöldverði og morgunverði á Hótel Geysi í Haukadag, og verða þessir 6 einstaklingar þar á sama tíma.

Á Hótelinu er náttúrusundlaug, gufubarð og heitir pottar.

Kl. 09.00 hefst Bringusundið,, **Kl. 10.00** Bíla,, og Hjólasýningin ,,

Kl. 14.00 Bændagangan,, **15.00** Kappreiðarnar,,

16.00 Reiptogið,, **18.00** Makalausakeppnin,,

Þeir sem vilja skrá sig í þessar keppnisgreinar geta sent á netföngin

harri@simnet.is og snorriVV@hotmail.com



Girðingarefni rafgirðingar - netgirðingar - plaststaurar

Randbeitavír



Hvítur/Orange 250 m
Kr. 2.652

Rafgirðingaborði



200 m
Kr. 3.145
100 m
Kr. 1.754



**Randbeitarkefli
niðurgarð**

Kr. 9.527

Túngirðingarnet - gaddavír



Túngirðingarnet 5 str. 65cm 100m

Kr. 12.998

Túngirðingarnet 7 str. 65cm 100m

Kr. 16.056

Túngirðingarnet 6 str. 90cm 100m

Kr. 15.457



Gaddavír Iowa
2,5mm 200m jarnvír

Kr. 9.528

Gaddavír Motto
1,6mm 200m stálvír

Kr. 5.395

Girðingastaur gagnv. yddaður 70/1800

Kr. 398

Girðingastaur gagnv. yddaður 120/2400
Hornstaur

Kr. 2.308

Girðingastaur jarn 1,8 m

Kr. 1.500

Rafgirðingareipi



200 m
Kr. 5.602 100 m
Kr. 2.954



**Plasteinangrari
Kr. 64**



**Egg-einangrari
Kr. 110**

Randbeitastaurar

Hvítur
stál

Kr. 563



Hvítur
plast

Kr. 398



**Hliðhandfang
Kr. 472**



**Hnifrofi
Kr. 1.445**



**Naglbitur
Kr. 2.736**



**Girðingartöng
Fjölnota
Kr. 2.736**



**Digital
Volt mælir
Kr. 7.276**



**Randbeitarkefli
Kr. 5.439**



**Bilanagreininir -
Volt mælir**
Greininir í hvora átt útleiðsla er
Kr. 30.314

Plastgirðingastaurar og fylgihl.

Virafestingar stakar	Kr. 15
Plaststaur 1000 án/járnfótar	Kr. 448
Plaststaur 1500 m/spiss	Kr. 573
Rengla 1000 5 strengja	Kr. 45
Plast-hornstaur án/kamst.25mm	Kr. 885
Hattur á hornstaur	Kr. 306
Stagfesta á plast-hornst	Kr. 3.399
Kambstál 16mm x70cm	Kr. 309
Kambstál 20mm x 70cm	Kr. 472
Kambstál 25mm x 70cm	Kr. 737
Kambstál 25mm x150cm	Kr. 1.579
Kambstál 25mm x 200cm f/hornstaur	Kr. 1.860

Fyrir sauðburðinn



**Lamba-
mjólkurduft**
Kr. 7.880
10 KG.



LAMB AID
Fyrir nýfædd veikburða lömb.
Styrkir ónæmiskerfið og bætir
meltinguna.

- Merkillitir
- Burðaslim
- Klaufaklippur
- Lambasna
- Lambatúttufötur
- o.fl. o.fl.



480 5600

landstolpi.is

Sumaropnun sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 2011

Neslaug s: 486 6117 - Skeiðalaug s: 486 5500



11. júní —14. ágúst 2011



	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga:	14 – 18	14 – 21
Þriðjudaga:	14 – 21	14 – 18
Miðvikudaga:	14 – 18	14 – 21
Fimmtudaga:	14 – 21	14 – 18
Föstudaga:	14 – 18	14 – 18
Laugardaga:	12 – 18	12 – 18
Sunnudaga:	12 – 18	12 – 18

Lokað 17. júní eins og verið hefur.

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga
lögheimili í sveitarfélaginu.**



**Sundgleraugu og fleiri
vörur tengdar sundi til sölu!**



Skeiðalaug

**Hætt er
að selja
inn **hálf-
tíma**
fyrir
lokun!**



Neslaug